



Leiðbeiningar fyrir rafhitabox






Uppsetning á rafhitaboxi:

Hitanemi: Hitanema skal staðsetja í hæð sem er 7 cm fyrir neðan *vatnsyfirborð* (**ekki** 7 cm fyrir neðan efstu brún á pottinum). Bora skal 22 mm gat og svo þarf aðeins að rúnna kantana á gatinu með þjöl. Passa skal að húsið fyrir hitanemann geti lagst alveg að skelinni í pottinum. Hreinsa skal alla fleti og húsið fyrir hitanemann er síðan hert saman í sýrusílíkoni.

Jektor (innstreymi): Jektor skal staðsetja a.m.k. 20 cm ofan rafhitabox og a.m.k. 40 cm fyrir neðan *vatnsyfirborð*. Gæta skal þess að vatnshalli sé nægur frá jektor og að rafhitaboxinu. Bora skal 42 mm gat sem þarf svo aðeins að pússa til að jektorinn passi. Jektorinn verður að geta lagst alveg að skelinni í pottinum. Einnig þarf að passa að jektor snúi rétt þegar hann er settur í (sjá mynd). Hreinsa skal alla fleti og svo er jektorinn hertur saman í sýrusílíkon.



Ozone: Taka þarf slöngu frá ozone kubb og vefja henni í tvo hringi 10 cm fyrir ofan vatnsyfirborð eða efst í kverkinni á pottinum (sjá mynd). Slangan tengist síðan inn á slöngutengið á jektor (gott er að hita slönguna svolítið til að koma henni upp á slöngutengið). Klippa skal slönguna og setja einstefnuventil inn á milli eins ofarlega og hægt er þeim megin sem er nær ozone kubbnum (sjá mynd). Einstefnuventillinn þarf að snúa rétt, það á að vera hægt að blása í gegnum hann frá ozone kubb og inn í jektor en ekki öfugt.




Wifi stjórnölva: Stjórnölvan kemur með 2 m kapli svo það má ráða hvort tölvan sé staðsett ofan í rafhitaboxinu eða höfð aðgengilegri annars staðar. Ef tölvan er tekin út fyrir rafhitaboxið þá þarf að hafa hana í góðu skjóli frá veðri og allri bleytu.




App tenging við stjórn tölvu:

1. Fyrst skal ná í app sem heitir **TouchSmart Plus**
2. Á Poolsmart-tölvunni skal ýta á **(M)** tvisvar sinnum og svo á **(OK)**
3. Síðan skal ýta þrisvar sinnum á örina sem vísar niður eða þangað til það stendur **Wifi/Bms** á skjánum og svo á **(OK)**
4. Ýta skal aftur á örina (niður) þrisvar sinnum eða þangað til það stendur **Connect Wifi** og svo tvisvar á **(OK)**. Þá ætti að standa á skjánum **Start Phone App. & Enter Password**
5. Næsta skref er að opna **TouchSmart Plus** appið og fara síðan inn í Wifi stillingar í símanum (á sama stað og þegar síminn er tengdur við Wifi). Þar ætti nú að vera „network“ sem heitir **ElectroConnect**. Velja skal **ElectroConnect**, „password“ er **electroeng**




6. Þegar búið er að tengjast **ElectroConnect** skal opna aftur **TouchSmart Plus** appið. Þar skal stimpla inn í efsta dálk eða þar sem stendur **Connect Device to Network** heiti og „password“ á heimanetinu, ýta svo á send.




7. Nú er stutt bið á meðan gögnin berast yfir í tölvuna. Eftir nokkrar sekúndur birtist **Wifi Connected** (Ef **Connect Failed** birtist á skjá tölvunnar þarf ekkert að aðhafast).

Ef hins vegar **Data Send Fail** birtist á skjánum þarf að tengja sig aftur við **ElectroConnect** „networkið“ og reyna aftur. Eftir að búið er að senda gögnin yfir í tölvuna skal fara út úr öllum stillingum með því að ýta á örina upp tvisvar sinnum eða þangað til maður finnur **Exit** og svo á **(OK)** og svo aftur á örina upp í tvígang og svo á **(OK)**. Þá ætti maður að vera kominn á aðalskjáinn þar sem stendur **Normal**. Í hægra horninu á pílán að vísa upp (sjá mynd). Ef pílán blikkar þarf að loka öllum öppum í síma og byrja aftur alveg frá byrjun. Ef pílán er stöðug og vísar upp þá hefur tölvun náð tengingu við netið og er þá komið að næsta skrefi.



8. Nú skal opna appið í símanum og fara þá í neðri dálkinn eða þar sem stendur **Connect App to Device**. Þar skal velja **Cloud** og ýta svo á kassann sem er neðst hægra megin. Þá biður síminn um leyfi til að opna myndavélina og skal samþykkja það. Þá er hægt að skanna kóðann sem er framan á bláu tölvunni og ýta svo á „connect“. Þá ætti síminn að vera tengdur við stjórn tölvuna og sýna hitastig í potti. Þar er hægt að stilla hitann á pottinum.

Til að tengja fleiri síma við stýringuna þarf aðeins að sækja appið og skanna kóðann framan á tölvunni.



Frágangur:

Mikilvægt er að allar lagnir séu lagðar með réttum vatnshalla til að koma í veg fyrir tjón.

Ganga skal frá klæðningu utan um pott og rafhitabox þannig að auðvelt sé að losa lagnir frá rafhitaboxinu og draga það undan pottinum þegar kemur að viðhaldi.

